



406. Stjórnarfundur haldinn 21. feb. 2013 kl:17:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA), Guðjón Axelsson (GA) og Bjarney S. Snævarsdóttir (BS).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Engin

3. Send bréf.

Engin.

4. Aðalfundur félagsins.

Aðalfundur auglýstur samkvæmt lögum félagsins. Farið yfir dagskrá að fundinum og tillögum að starfsmönnum fundarins, Ellert Eiríksson sem fundastjóra og Sigurvin Guðfinnsson sem ritara. ÞMK fór yfir niðurstöður reiknings en hann er jákvæður.

Samþykkt að heiðra Gunnar Sveinsson og Sigurbjörn Gunnarsson Gullheiðursmerki félagsins. Samþykkt að heiðra Elís Kristjánsson og Fal Harðarson Silfurheiðursmerki félagsins. Samþykkt að veita Margeiri Elentínussyni starfsbikar félagsins. Samþykkt að óska eftir því við UMFÍ að veita Hermanni Helgasyni og Þorsteini Magnússyni starfsmerki UMFÍ. Samþykkt að færa Kristmundi Gíslasyni og Ástrós Brynjarsdóttur blómvönd en þau voru valin taekwondo karl og kona TKÍ 2012.

5. Önnur mál.

EH sagði frá því að Steinar Ingimundarson þjálfari væri látinn og yrði jarðsunginn mánudaginn 25. febrúar. Fáni félagsins verður við útförina.

BI sagði frá því að búið væri að hengja upp brautir og myndir í sal 2 og brautir á gangi. Bikaraskápar hafa verið færðir fram á gang.

EH sagði frá því að Birgir Bragason hefði óskað eftir því við aðalstjórn að hún komi að því að fá aðila til að skrásetja verðlaunagripi félagsins. ***Aðalstjórn tók jákvætt í erindið.***

EH minnti menn á herrakvöld knattspyrnudeildar 23. febrúar 2012.

BI kom inn á samskipti forstöðumanns íþróttahússins við Sunnubraut og framkvæmdastjóra Keflavíkur. Ákveðið að EH og KG óski eftir fundi með Stefáni Bjarkasyni og fari yfir málefni félagsheimilisins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði SG

